

Pipa Sulullu qaangiipput

Höfundur texta og mynda: Naja Rosing-Asvid (Grænlandi)
Milik Publishing, 2022.
Var tilnefnd til Barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2023.

Söguþráður: Í sögunni kynnumst við tveimur spörfuglafjölskyldum sem umgangast aldrei vegna fordóma foreldranna í garð hvers annars. Dag einn hverfa tveir ungar úr spörfuglafjölskyldunum þegar hrafn eltir þá. Ungarnir leita skjóls í klettaskoru og uppgötva að þá langar til að kynnast, að þeir eru mjög líkir og skilja hvor annan þótt þeir tísti með örlítið mismunandi hætti. Bókin fjallar um hvernig við getum orðið vinir ef við viljum þrátt fyrir málhindranir.

Efnisorð: Vinátta, tungumál, málhindranir, fordómar, mismunur, fjölbreytileiki.


Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið myndirnar með barninu. Hvað eru fuglarnir að gera? Hvernig eru hljóðin í þeim? Farið út og hlustið á ólík hljóð fuglanna.

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðið bókarkápuna. Um hvað haldið þið að bókin sé?
2. Hvernig eru fuglarnir á litinn?
3. Hvaða mismunandi dýr finnurðu í bókinni?
4. Í fyrstu opnunni sjáum við að spörfuglafjölskyldurnar tísta með ólíkum hætti. Teiknið tvo fugla og segið frá því hvernig þeir hljóma. Gefið þeim nafn.
5. Í einni opnunni fara spörfuglarnir í vetrarfrí. Hvað heldurðu að þeir taki með sér?



BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Skoðið myndirnar og textann í fyrstu opnunni. Að hverju kemstu þegar þú skoðar opnuna?
2. Hvernig heimili eiga spörfuglafjölskyldurnar? Skoðið myndirnar og ræðið!
3. Áttu vini sem tala annað tungumál en þú? Hvað gerið þið til að skilja hvert annað?
4. Ræðið í hópum hvað orðið fordómar þýðir. Þegar þið eruð búin að lesa bókina getið þið rætt hvaða fordóma foreldrar spörfuglanna hafa um fjölskyldur hver annarrar.

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Kannaðu það sem er líkt og ólíkt með snjótittlingi og skógarþresti. Hvernig líta þeir út, hvar verpa þeir og hvert fljúga þeir á veturna?
3. Fordómar eru þema bókarinnar. Hvers vegna heldurðu að við séum með svona marga fordóma hvert um annað? Hvernig getum við dregið úr fordómum? Ræðið saman tvö og tvö.

4. Veltu fyrir þér tungumálum og málhindrunum. Hefurðu orðið vitni að því að tungumálið hafi verið hindrun, og þá í hvaða sambandi?

5. Mörg orð eru lík í dönsku, norsku og sænsku en þýða samt ekki það sama. Finndu nokkra svonefnda falsvini í sænsku, norsku og dönsku.

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Koira nimeltään Kissa. Höfundur mynda: Tomi Kontio (Finnland). Höfundur mynda: Elina Warsta (Finnlandi)
Manugánda ja Heike. Höfundur texta: Signe Iversen (Noregi). Höfundur mynda: Sissel Horndal (Noregi)
Jag och alla. Höfundur texta: Ylva Karlsson (Svíþjóð). Höfundur mynda: Sara Lundberg (Svíþjóð)

MÁLAMOLI

"Fordómar"

sænska

Fördom

danska

Fordom

norska

Fordom

íslenska

Fordómar

færeyska

Fordómur

grænlandska

Isuma
pigiliutiinnagaq

finnska

Ennakkoluulo

norðursamíska

Ovdagáddu



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)